

**EFNI: AÐALSKIPULAG SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS****VERKNR:****SA118****DAGS: 10.01.2018**

Fundur í stýrihóp haldinn í Árnesi kl. 10:30 – 12:30.

Mætt voru: Björgvin Skafti Bjarnason, Kristófer A. Tómasson, Einar Bjarnason, Meike Erika Witt, Halla Sigríður Bjarnadóttir, Gunnar Örn Marteinnsson, Pétur Ingi Haraldsson, Gísli Gíslason og Guðrún Lára Sveinsdóttir.

Gestir: Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir frá Fornleifastofnun.

## 1 FORNLEIFAR Í ÞÉTTBÝLUM

Fornleifar hafa verið skráðar í þéttbýlunum og farið var yfir niðurstöður hennar. Á jörðunum Húsatóftum og Skaftholti fundust á annað hundrað fornleifar samtals sem teknar eru saman í skýrslu. Aðeins lítill hluti fornleifanna lendir innan þéttbýlismarka. Ragnheiður sendir fornleifarnar til skipulagsráðgjafa og verða þær sýndar á skýringaruppdráttum fyrir byggðina og fyrir þéttbýlin auk þess sem fjallað verður um þær í kafla 2.6 í greinargerð.

## 2 GREINARGERÐ

Nokkrar athugasemdir bárust á kynningartíma aðalskipulagstillögunnar. Farið var yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á gögnum eftir kynningu og snúa þær eftirfarandi þáttum:

### Byggð:

- Landskipti – breyttur texti um þau.
- Efnistökusvæði; setti inn efnistökusvæði í Hagalóni. Stærð á námu í Ísakoti er í 48.500 m<sup>3</sup>.
- Varúðarsvæði – sveitarstjórn tekur afstöðu til fyrirhugaðra virkjanakosta og hvetur til að þeir verði færðir í verndarflokk.

### Þéttbýli:

- Settur inn texti úr landsskipulagsstefnu í inngangskafli.

### Hálendi:

- Afmörkun hálendis – Skipulagsstofnun vill að notuð verði sú lína sem mörkuð var í Svæðisskipulagi Miðhálendis. Sveitarstjórn vill halda sig við þá línu sem mörkuð hefur verið og fylgir mörkum heimalanda og þjóðlendna að mestu leiti. Skipulagsráðgjafar gera tillögu að texta sem rökstyður þá ákvörðun sveitarstjórnar.
- Iðnaðarsvæði – setti inn Þjórsárlón.
- Skógrækt- og landgr. – setti inn lög og markmið.
- Samgöngur – setti inn texta úr landsskipulagsstefnu.
- Verndarsv. og minjar – setti inn texta úr landsskipulagsstefnu.
- Tók út hverfisvernd HV12 sem var þar sem friðlýst svæði er í Þjórsárverum.

### Skipulagsferli:

- Breytingar frá eldra skipulagi – teknar eru saman þær breytingar sem gerðar hafa verið á skipulaginu.
- Afgreiðsla eftir kynningu – teknar eru saman þær breytingar sem gerðar hafa verið á skipulaginu eftir kynningu.

### 3 NÆSTU SKREF

Gögnin verða uppfærð að loknum fundi og verða send til sveitarstjórnar fyrir fund þann 24. janúar.

Rætt var um að tillagan verði send til Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga:

*Að lokinni kynningu skv. 2. mgr. skal aðalskipulagstillagan lögð fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu. Sveitarstjórn skal að lokinni umfjöllun sinni senda Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar. Telji Skipulagsstofnun að tillagan fullnægi ekki settum kröfum um aðalskipulag skal hún leita samkomulags við sveitarstjórn um breytingar.*

Að því loknu verði það verkefni nýrrar sveitarstjórnar að yfirfara tillöguna, auglýsa hana og staðfesta.

Pétur ræddi um að til að koma áformum um 3 ný íbúðarsvæði og e.t.v. fleiri mál áfram verði gerðar breytingar á gildandi skipulagi þar sem það ferli tekur skemmri tíma en heildarskipulagið. Skipulagsráðgjafar taka saman lista yfir þær breytingar sem gætu farið í breytingarferli.

### 4 NÆSTI FUNDUR

Næsti fundur verður ákveðinn þegar viðbrögð Skipulagsstofnunar liggja fyrir.

Tekið saman á Hellu 12. janúar 2017.

Guðrún Lára Sveinsdóttir / Gísli Gíslason